

Fundargerð 198. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 11. september 2025, kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður, Helgi Már Sigurgeirsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Gunnar Sigurðsson, Einar Sveinn Kristjánsson og Valbjörn Jón Höskuldsson.

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson, Sigurður Gunnar Benediktsson og Ingi Bogi Hrafnsson

Fjarverandi: Einar Óskar

Dagskrá:

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 197

Fundargerðin hefur verið send út til undirritunar.

2. Staðan á Eirhöfða

- Benóný mætti á fundinn og fór yfir þrjú mál. Fyrst staðan á Eirhöfða. B hlutinn þar sem við eigum 2 íbúðir á að vera klár í sept. Öryggisúttekt í dag og okkar maður fer með. Allt á áætlun, hafa til síðasta dags í þessum mánuði til að skila. Íbúð í Máratúni komin á sölu.
- Trúnaðarmenn í Tótal. Sýndi hvernig er verið að útbúa svæði til að halda utan um Trúnaðarmenn. Hægt að hafa beint samband við þá og fólk sér á mínum síðum hver er trúnaðarmaður á vinnustaðnum. Einnig er hægt að keyra kosningu í gegnum kerfið.
- Nýjast Fagfélaga skýrslan. Sýndi skýrsluna sem gerð í hverjum mánuði um þróun tekna og fleira. Staðan á sjúkrasjóðnum (skrifa eftir skýrslunni). Þessi skýrsla verður framvegis sett undir stjórnarfundi til upplýsinga.

3. Staðan í kjaramálum – yfirferð formanns

Trúnaðarrástefna verður á Hótel Selfossi dagana 13. og 14. nóv. nk. Búið er að senda út tölvupóst þar sem menn eru beðnir að taka dagana frá og skráning verður svo send út í Formaður fór yfir það helsta sem hefur verið síðan við funduðum síðast.

Fulltrúaráðsfundurinn 26. ágúst sl. Á þeim fundi fengum við leyfi til að fara í að stofna leigufélag vegna íbúðanna á Eirhöfða og skipað var í fulltrúaráð Birtu. Enn vantar tvo menn sem varamenn og er formaður að vinna í að finna þá.

Mikið hefur verið rætt um skerðinguna á örorkunni en ríkið ætlar að hætta að greiða til lífeyrissjóðanna vegna örorkulífeyrisþega. Hlutfall örorku í Gildi er t.d. komið í 25% og því mikill kostnaður sem bætist á sjóði.

Varðandi 36. gr sjómannalaga, höfum verið í viðræðum við SFS, í síðasta kjarasamningi skýrum við hvernig menn eiga að fá greidd veikindakaup en það er ekki alveg að skila sér og það á eftir að breyta lögnum í samræmi við þetta. Þar var hugsunin sú að menn væru jafn settir launalega í veikindum eins og þeir hefðu verið úti á sjó. Þar sem menn skipta með sér launum er útgerðin farin að fara fram á að sá sem er veikur verður þá aukalega í landi og sá sem er ekki veikur rær þá aðeins lengur og svo borgar sá veiki honum dagana þegar hann hefur jafnað sig. Þá er útgerðin að spara sér að borga veikindakaup í skammtíma veikindum og við erum ekki sammála því. Öll sjómannafélögin standa saman í þessu.

Fundað var í orlofsnefndinni 30. ágúst sl. en formaður komst ekki á en hann fékk fundargerð senda. Á þessum fundi var samþykkt að setja þrjú lítil raðhús í langtímaleigu til ungmennafélagsins. Þessi raðhús eru ætluð fyrir þjálfara sem eru að koma til þeirra í vetur. Það á eftir að fara betur í hvernig þetta verður útfært.

Varðandi nýju húsin á Laugarvatni þá er ekki enn komin lokaskýrsla frá Gunnari Fannberg. Annað húsið verður með aðgengi fyrir fatlaða. En byrjað er að kaupa inn húsgögn í húsin og vonandi komast þau bara í leigu sem fyrst. Sagt var frá því að á fundinum hafi einnig verið ákveðið hvaða hús verða tekin undir gæludýr og fer í gangið eftir áramót. Spurt var hvort það væru einhver viðurlög við lausa göngu hunda á svæðinu. Það eru náttúrulega almennar reglur um lausa göngu hunda en Einnig voru bústaðirnir í Svignaskaðir ræddir, þeir heppnuðust mjög vel og eru okkur til sóma.

Formaður sagði frá því að hann og Halldór hefðu verið boðaðir á fund hjá Sæbjörgu en þeir eru að fara í stefnumótun. ITF er með kröfur á björgunaræfingar. Sum lönd eru með sérstakan skóla, norski og skoski skólinn er alveg svakalega flottir. Sæbjörg hefur fengið fullt af undanþágum fyrir slysavarnarskólann og hvernig á að standa að æfingum og hvernig á að standa að æfingum varðandi björgunarbáta. Skipið er orðið gamalt og lúið og það þarf að huga að því hvernig við ætlum að standa að þessum æfingum í framtíðinni.

Svo að lokum þá óskar formaður eftir að færa næsta fund til miðvikudagsins 22. okt eða föstudagsins 24. okt en áður hafði verið ákveðið að hann yrði 9. okt. en þá verður hann í fríi. Ákveðið var að halda fundinn föstudaginn 24. okt.

4. Vinnustaðaeftirlit. (júlí – ágúst)

Skýrsla frá þeim er undir fundinum til upplýsinga og mun framvegis koma þar

5. Önnur mál

- Formaður ræddi um að við þyrftum að fara að huga að væntanlegu stjórnarkjöri. Ekki sagt í nýju lögnum hversu löngu áður uppstillinganefndin þarf að skila af sér fyrir kosningu. Þurfum að fara að kynna í október og að hafa augun opin.
- Formanni var hrósaði fyrir greinina sem birtist í blöðunum um daginn. Og spurði hvort hann hefði fengið einhver viðbrögð. Formaður svaraði því að það væri því miður mjög lítið. En við bíðum eftir að fá fund með, forsætisráðherra, vonandi í næstu viku.
- Tilboð barst um kaup á eign á Seyðisfirðir. Stjórn hafnaði tilboðinu.

